

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	21.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Gíslason	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru lagðar fram. Ein athugasemd er gerð. Rekstraraðili vinnur samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 25. október 2019.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Samráðsfundur
2. Staðan á sigvatnsmálum
3. Drög að nýju starfsleyfi
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

Haldinn var árlegur samráðsfundur í samræmi við gr. 1.9 í starfsleyfi urðunarstaðarins. Frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands var á fundinum Árni Gunnarsson.

Rætt var um stöðu sigvatnsmála en rekstraraðili hefur unnið að úrbótum samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 25. október 2019 vegna fráviks er fram kom í eftirliti 26. júní 2019 og varðar hreinsun sigvatns þar sem niðurstöður mælinga sýndu að mengun barst í útrásarskurð, en það er ekki heimilt skv. núgildandi starfsleyfi. Rekstraraðili sótti um breytingu á starfsleyfi þann 28. júní 2021 þar sem fram kom að fyrirhugað væri að gera gagngerar breytingar á hreinsikerfi urðunarstaðarins til að tryggja sem besta hreinsun sigvatns. Í eftirliti nú var farið yfir virkni nýja hreinsikerfið og stöðu framkvæmda, vinna við það er langt komin og áætlað að tengja sigvatnskerfið og nýja hreinsikerfið á árinu.

Rekstraraðili fékk send til yfirlestrar þann 20. júní sl. drög að breyttu starfsleyfi urðunarstaðarins. Í eftirlitinu var rætt um orðalag í gr. 3.4 vegna nýja hreinsikerfisins og einnig mögulegar breytingar á mælistöðum, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfinu, í ljósi breytts frárennslis frá urðunarstaðnum. Rekstraraðili hefur drög að starfsleyfinu til yfirlestrar næstu vikurnar og rætt var um að hann legði fram tillögur að nýjum mælistöðum og orðalagi vegna nýja hreinsikerfisins.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki B og fær eitt reglubundið eftirlit á ári. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirlitum.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn í Fíflholtum og ekki var tilefni til athugasemda.

ANNAÐ

Vakin er athygli á því að niðurstöður mælinga á sigvatni 2021 sýna að ammoníum (NH₄⁺) og súrefnisþörf (COD) eru hærrí neðan hreinsivirkis en ofan þess í mælingum 21. júní 2021. Einnig er styrkur súlfíðs (SO₄) og lífrænna halógensambanda í mælingu 16. nóvember 2021 hærrí neðan hreinsivirkis en ofan þess. Styrkur mælipátta ætti að vera lægri neðan hreinsivirkis en ofan þess sé hreinsivirkið að virka sem skyldi. Rekstraraðili vinnur að úrbótum vegna hreinsivirkis, sbr. samþykktu úrbótaáætlun frá 25. október 2019 og bréf rekstraraðila til Umhverfisstofnunar frá 28. júní 2021.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.06.2022

Sigríður Magnúsdóttir